

Mál nr. 97/2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um miskabótakröfu vegna umferðaróhapps****Gögn.**

Málskot dags. 09.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Bréf V dags. 24.03.2020.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 27.03.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 8. ágúst 2019 varð árekstur með bifreið A, sem M ók umrætt sinn og bifreiðinni B, sem X ók, á gatnamótum Suðurlandsveggar og Skógavegar. Lögregluskýrsla var gerð um atvikið og af henni má ráða að B hafi verið ekið frá Skógum og inn á Suðurlandsveg, án þess að ökumaður hennar hægði á hraða hennar eða virti með einhverjum hætti biðskyldu sem gefin er til kynna með þar til gerðu merki. Var B því ekið í veg fyrir A sem ók vestur Suðurlandsveg með þeim afleiðingum að árekstur varð.

M fer fram á miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna atviksins, en hann hafi orðið fyrir líkamstjóni áreksturs við bifreið A. Í málskoti byggir M kröfu sína á því að X geti ekki hafa verið allsgáður eða með sjálfum sér fyrst aksturslag hans var með ofangreindum hætti. Jafnframt hafi X ekið án gilda ökuréttinda. Hafi hann því gerst sekur um stórkostlegt gáleysi í skilningi framangreindrar lagagreinar sem leiða eigi til bótaskyldu.

V hafnar þeirri kröfu á grundvelli þess að ekki sé sýnt fram á að slysið megi rekja til stórfellds gáleysis X. Slysínu hafi verið valdið með því einfalda gáleysi X að virða ekki biðskyldu. Hins vegar liggja ekkert fyrir í málinu um að B hafi t.a.m. verið ekið á of miklum hraða, að X hafi verið ölvaður eða á annan hátt ófær um að stjórna bifreið eða um vanbúnað bifreiðarinnar. Þá komi fram í lögregluskýrslu að X hafi verið með gild ökuréttindi á tjónsdegi. X hafi því ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og sé réttur til bóta því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M að hann hafi ekið eftir þjóðvegi 1 og notið aðalbrautaréttar, ekki hafi verið um gatnamót að ræða heldur afleggjara inn á aðalbraut. M hafi ekið A á löglegum hraða, og verið ómögulegt að aðhafast nokkurt sem afstýrt gæti umræddu slysi. X hefði fyrst hægt á hraða B en svo aukið hann aftur er hann nálgast þjóðveg 1 og ók út á hann án þess að gæta í nokkru að biðskyldu. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til dómaframkvæmdar.

Álit:

Svo miskabótakrafa M, skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, komi til álita þarf hann að sýna fram á að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til líkamstjóns hans. Af gögnum málsins er ljóst að X olli umræddum árekstri með þeirri háttsemi sinni að virða ekki forgangsrétt sem gefinn var til kynna með biðskyldumerki. Það eitt og sér leiðir ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að aksturslag hans hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að aðrir þættir hafi verið meðverkandi orsakir árekstursins. Jafnframt má ráða af lögregluskýrslu að X hafi á tjónsdegi verið með gild ökuréttindi fram til 16. mars 2028. Þrátt fyrir að blóðsýni hafi verið tekið úr báðum öikumönnum á vettvangi liggur svo ekkert fyrir nefndinni sem gefi til kynna að X hafi sérstaklega verið grunaður um ölvun við aksturinn. Af lögregluskýrslu má ráða að vegna tungumálaörðugleika hafi ekki verið hægt að taka aðilaskýrslu af X, en af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu verður samkvæmt framansögðu ekki talið sýnt fram á að hann hafi ekki verið allsgáður eða með sjálfum sér svo sem byggt er á í málskoti. Á M því ekki rétt á miskabótum á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.